

EFTIRLITSSKÝRSLA

Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði Fáskrúðsfirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	31.8.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði	Eftirlitsmaður	Leifur Þorkelsson
Heimili	Hafnargötu 1, Fáskrúðsfirði	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	5812012650	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Ásgrímsson	ÍSAT nr.	15.20.72
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	735718,92 501484,078

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitsferðinni þar sem fráveituvatn frá vinnslunni rann óhreinsað til sjávar. Er þetta annað mengunaróhappið sem rekja má til starfseminnar á skömmum tíma en þann 30. júní sl. varð óhapp við útskipun og lýsi fór í sjóinn.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af heilbrigðisfulltrúa HAUST, Leifi Þorkelssyni, skv. samningi.

Um var að ræða fyrirvaralaust eftirlit vegna mengunaróhapps sem varð í verksmiðjunni að kvöldi 30. ágúst. Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Leifur Þorkelsson

Þegar óhappið átti sér stað var verksmiðjan að vinna úr hráefni frá frystihúsi, um var að ræða afskurð og frákast frá makríllökun. Makríllinn sem var í vinnslu var veiddur í Smugunni og fituinnhald hans 29% sem er talsvert hærra en í makríl sem veiddur er við Ísland og hefur verið í vinnslu hjá fyrirtækinu í sumar.

Dæla sem dælir fráveituvatni uppá tvær fleytiskiljur (Redox) sló út og við það virðist hafa myndast ójafnvægi í kerfinu með þeim afleiðingum að hreinsivirkið hafði ekki undan og óhreinsað fráveituvatn rann til sjávar. Fráveitulögnin opnast á um 40 m dýpi um það bil 120 – 150 m frá landi. Greinilegur flekkur myndaðist á sjónum í firðinum við útrásaropið. Verksmiðjustjóri hafi samband við hafnarstjóra, heilbrigðiseftirlit og Umhverfisstofnun þegar atvikið uppgötvaðist.

Tilraunir voru gerðar á vegum hafnarinnar, til að hefta útbreiðslu með „uppsogspylsum“ - en þær báru lítinn árangur og þótti ólíklegt að hægt væri að aðhafast nokkuð þar sem myrkur var að skella á veðurspáin var slæm.

Í kjölfar atviksins er verið að gera ráðstafanir innan verksmiðjunnar til þess að geta dælt óhreinsuðu fráveituvatni inná hráefnistaka þegar álag á fráveitukerfið er mikið, einnig er verið að gera ráðstafanir til þess að jafna álagi á fleytikörin. Þá stendur til að auka viðveru starfsmanna við hreinsivirkið þegar mikið álag er á kerfinu.

Við skoðun á vettvangi sáust hvergi ummerki um mengun sem rekja mátti til óhappsins, hvorki á hafnarsvæðinu né í fjörum í firðinum. Aðstæður til skoðunar á umhverfinu voru mjög slæmar suðustanátt með hviðum uppí 16 m/sek. mikil rigning og lélegt skyggni.

Frávik frá

Grein 2.16. í starfsleyfi

Lýsing á frávik

Fráveituvatn rann óhreinsað til sjávar þar sem hreinsivirki yfirylltist.

ANNAÐ

Ábending barst frá íbúa um grútarmengun í höfninni á Fáskrúðsfirði 4. september sl. Í kjölfarið var tilmælum beint til rekstraraðila um að kanna aðstæður og hreinsa mengunina þar sem mögulegt væri.

Reykjavík, 01.10.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í

Handwritten signature

bls. 1

starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Halla Einarsdóttir
Halla Einarsdóttir